

# Auglýsing

## um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*.

### Um framlögin

Sérstök áhersla er lögð á svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og verða verkefni sem eru líkleg til að hafa varanleg og veruleg jákvæð áhrif á þróun byggðar og búsetu sett í forgang.

Veitt verða framlög til verkefna á sóknaráætlunarsvæðum:

- sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans.
- sem nýtast landshlutanum í heild.

Við mat á umsóknum verður stuðst við eftirfarandi þætti:

- Íbúaþróun, aldurssamsetningu og kynjahlutfall
- Samsetningu atvinnulífs og atvinnustig
- Meðaltekjur
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta

### Styrkhæfir aðilar

Einungis landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um þá styrki sem hér eru auglýstir.

### Styrkfjárhæðir í boði

Veitt verður allt að 76,5 milljónum króna fyrir árin 2020 og 2021 til að styrkja sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Heimilt er að veita styrki til sama verkefnis til allt að fimm ára, með fyrirvara um endurskoðun byggðaáætlunar og fjárhheimildir fjárlaga hvers árs. Árleg hámarksfjárhæð til einstakra verkefna er 30 milljónir króna. Styrkfjárhæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

## Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggar til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Í umsókn þarf að koma fram nákvæm upphæð sem sótt er um. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verði tekna til greina.

## Valnefnd, umsögn Byggðastofnunar, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir miðnætti mánudaginn 16. nóvember 2020.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í desember 2020.

Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kr. Þorgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun: [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is)